

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00.

Föstudaginn 16. september 1988.

Nr. 295/1988. Ákærvaldið

gegn

Sigurlín Láru Þorsteinsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hún krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði styttn verulega. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í skýrslu varnaraðila fyrir sakadómi Reykjavíkur 9. þ.m. hefur hún upplýst sinn þátt í máli þessu. Þau atriði, sem varnaraðili gat ekki upplýst við þá skýrslugjöf, eru ekki þess eðlis, að hún geti spillt sönnunargögnum varðandi þau eða torveldað rannsókn þeirra með öðrum hætti, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þótt hún sé látin ganga laus. Ekki hefur verið sýnt fram á, að mál þau, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur til meðferðar á hendur varnaraðila og öll eru á lokastigi rannsóknar, hafi þýðingu fyrir úrlausn máls þessa.

Varnaraðili hefur í yfirheyrslu 9. þ.m. gert grein fyrir högum sínum og dvalarstað frá því í mars sl., er hún kom fyrst við sögu

hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á, að gæslu sé þörf samkvæmt 3. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. september 1988.

Ár 1988, föstudaginn 9. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Sigurlín Láru Þorsteinsdóttur, kt. 120470-5909, atvinnulausri, til lögheimilis að Móabará 36, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. þ.m. kl. 16:00.

Hinn 30. ágúst sl. kom starfsmaður Miklubrautarútíbús Landsbankans í skrifstofu RLR þeirra erinda að leggja fram kæru á hendur kærðu, Sigurlin, fyrir fjársvik. Fjórum dögum áður hafði kærða stofnað tékkareikning í bankanum með 18.000,- króna innleggi.

Laust eftir miðnætti í nótt var kærða handtekin í gistiheimilinu að Brautarholti 22 hér í borg. Við yfirheyrslu hefur kærða viðurkennt, að hún hafi stofnað umræddan reikning í þeim tilgangi einum að svíkjast út fé. Kveðst hún hafa fengið lánaðar 18.000,- krónur hjá kunningja sínum til þess að stofna reikninginn. Var fyrsta verk hennar eftir að hún fékk ávísanaheftið í hendur að gefa út tékka jafnháan innlegginu og greiða kunningja sínum skuldina. Kærða hefur skýrt frá því að fé það sem hún hefur svikið út hafi verið notað til matar- og áfengiskaupa, til að greiða fyrir hótलगistingu á nokkrum hótélum svo og til kaupa á hljómflytningstækjum í bíl. Kveður hún fjóra nafngreinda félaga sína hafa notið góðs af brotastarfsemi sinni. Kærða hefur greint frá því að hún hafi gefið út tékka úr tveimur tékkheftum, að vísu hafi nokkrir ónýst. Hún kveðst ekki vita hve há sú fjárhæð sé orðin sem hún hafi svikið út með þessum hætti og hún hafi gert sér grein fyrir, að hún væri ekki borgunarmaður fyrir þeirri skuld sem hún hefur stofnað til.

Samkvæmt upplýsingum bankans nemur innistæðulaus útgáfa tékka af reikningi kærðu nú kr. 319.255,-.

Kærða hefur greint frá því að undanfarna tvo mánuði hafi hún ekki stundað launaða vinnu og að hún eigi hvergi fastan samastað. Hún kveðst einnig á þessum tíma hafa verið óreglusöm.

Meðal gagna málsins er listi með 10 málum sem kærða á aðild að, öll frá þessu ári. Er hér um að ræða þjófnaðar-, skjalafals- og fjársvikabrot. Flest málanna eru á lokastigi rannsóknar hjá RLR.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt í þágu frekari rannsóknar að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærðu. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00. Brot þau sem kærða er sökuð um, geta varðað hana fangelsisrefsingu skv. 248. gr. laga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærða, Sigurlín Lára Þorsteinsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.

Þriðjudaginn 20. september 1988.

Nr. 196/1988. Íshúsfélag Ísfirðinga hf.

gegn

Benedikt Sigurðssyni

Guðmundi Páli Kristjánssyni og

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið frávísunardómi bæjarfógetans á Ísafirði frá 7. júní 1988 til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1988, sem barst Hæstarétti 30. s.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.